

# Myndband um kynþáttafordóma

## Umræðupunktur



Ráðleggingar og dæmi um svör við myndbandinu.

### 1) Í myndbandinu kemur fram að rasismi sé kerfisbundinn? Hvað er átt við með því?

Ef nemendur þurfa aðstoð er hægt að vitna í þann hluta myndbandsins þar sem talað er um að vinnuveitendur geti haft fyrirfram skoðanir í undirmeðvitunni til dæmis með því að áætla út frá nafni að einstaklingur tali ekki íslensku. Þessi samtenging getur verið eins og popp og kók dæmið í myndbandinu um fordóma og oft ekki eitthvað sem einstaklingar átta sig á.

### 2) Í myndbandinu kemur fram að í raun megi segja að kynþáttafordómar hafi skapað kynþætti/kynþáttaflokkun en ekki öfugt. Hvað er átt við með því?

Hér er vitnað í þann hluta myndbandsins þar sem fjallar er um að kynþáttaflokkun hafi verið sett fram af hvítu fólki á nýlendutímanum til að réttlæta ofbeldi og yfirtöku lands.

### 3) Hvernig birtast kynþáttafordómar ennþá í dag?

Hér er að hægt að minnst á að kynþáttafordómar geti bæði verið meðvitaðir og ómeðvitaðir. Hægt er að taka dæmi um hvernig fordómar koma fram í kommentakerfum á netinu og í neikvæðu viðhorfum til ákveðinna hópa fólks. Stundum eru fordómar settar fram í gríni eða fólk uppnefnt út frá húðlit eða útlitseinkennum. Kynþáttafordómar geta komið fram í því hverjum er trúað fyrir að vera Íslendingur. Kynþáttafordómar geta líka verið kerfisbundir þar sem sumt fólk fær lélegri þjónustu út frá því hvernig húðlin þeirra er á litinn. (Hægt að vitna í svar við fyrstu spurningu líka).

### 4) Hvað er átt við þegar sagt er að kynþáttafordómar geti verið ómeðvitaðir? Nefnið dæmi.

Hér er hægt að minnst á að fólk geti verið með neikvæð hugmyndir eða viðhorf um aðra án þess að átta sig á því. Til dæmis með því að tala við fólk á ensku sem er með dökka húð og vera þá búinn að draga ályktanir um íslenskukunnáttu út frá útliti.